



Skólanámskrá Álfhólsskóla

I. bekkur

Efnisyfirlit

Enska.....	3
Íslenska.....	13
Listgreinar	19
Verkgreinar	25
Samfélags- og náttúrufræði.....	31
Skólaípróttir.....	37
Stærðfræði	42

Enska

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Að auki er mikilvægt að hafa gott vald á ensku þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku.

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls.

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund á viku (40 mín)

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun: Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum ýmist einstaklingslega eða í hóp. Áhersla er lögð á hlustun, tjáningu og skilning. Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins. Stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar koma inn í námshópa þar sem þörf er á. Viðfangsefnið er nálgast á fjölbreyttan hátt t.d. í gegnum tónlist, leiklestur, beina kennslu, verkefnavinnu, gagnvirkra kennslu, leiki, spil o.fl.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Nemendur og kennari meta vinnu, virkni, samvinnu og áhuga nemenda í tímum tvisvar á vetri. Munnleg könnun á orðaforðabekkingu er framkvæmt að vori og vinnubók skoðuð. Námsmat að vori er gefið í orðum og er fjórskipt: Mjög góð tök – góð tök- nokkuð góð tök- þarfnast frekari þjálfunar. Einnig er gefin almenn umsögn í orðum.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • stuðlar að jákvæðum skólabrag, • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, • fær markvissa endurgjöf sem styrkir jákvæða sjálfmynd nemenda.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> • temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum, • fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra. • tekur tillit til skoðana annarra, • hjálpar og styður við aðra nemendur í gegnum samsvinnunám, • eykur víðsýni sína og læsi á aðra menningarheima.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> • kemur fram við aðra sitt af virðingu og tillitssemi, • vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt, • temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra, • er hvattur til að vera virkur og sjálfstæður í verkefnavali.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • lesi upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, • nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla, • vinnur með læsi í víðum skilningi í tungumálum, • þjálfar lesskilning á margbreytilegan hátt, s.s. myndlæsi og miðlalæsi.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans, • þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • virkir hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna, • nýtir hæfileika sína og skapar afurð, • vinnur skapandi verkefni.

Hlustun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast er eftir því að nemandi geti skilið einfalt mál er snýr að reynsluheimi hans.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrirmæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafirnir - Litir Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skilið helstu kveðjur og kurteisorð í samskiptum. - Fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum, - Skilið einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg. - Skilið einföld orð í tengslum við viðfangsefni. - Skilið fyrirmæli og leiðbeiningar kennara. - Skilið féлага sína í samskiptum í kennslustund. - Hlustað eftir ákveðnum upplýsingum. - Fylgt þræði í einföldu hlustunarefni, s.s. söngvum, sögum og ævintýrum. - Fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Lesskilningur

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti lesið og skilið stuttan texta um efni sem snertir daglegt líf, þekktar aðstæður og áhugamál hans.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrirmæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafir - Litir Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Fylgst með í texta og skilið hvað fer fram, t.d. sungið, leikið og lesið með, - Lesið sér til gagns og gamans einfaldan texta og rætt um efni hans með aðstoð kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.

Samskipti

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti haldið uppi einföldum samræðum með eðlilegum framburði, hafi lykilorðaförða og kunni að beita einföldum kurteisvenjum.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrirmæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafirnir - Litir Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig og heilsað. - Tekið undir í söng og farið með þulur. - Tekið þátt í samskiptaleikjum. - Tekið þátt í samtalsæfingum. - Tekið þátt í einföldu samtali, spurt og svarað spurningum. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Nemendur hlusta á og taka þátt í samtölum við samnemendur og kennara - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.

Frásögn

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti í einföldu máli notað lykilorðaförða og sagt frá og beitt eðlilegum framburði og áherslum.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrirmæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafirnir - Litir - Fatnaður - Líkaminn Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Tekið þátt í einföldu samtali og sagt frá sjálfum sér, vinum, fjölskyldu og áhugamálum. - Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt. - Flutt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. - Lýst hlut eða mynd á einfaldan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Látbragðsleikir - Söngur og þulur 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.

Ritun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti skrifað og stafsett rétt einföld orð og setningar úr lykilorðaforða og daglega lífi sínu og notað algengustu greinarmerki.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrimæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafir - Algeng orð og setningar - Litir - Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skrifað stutt orð og stuttar setningar við myndir, skrifað eftir fyrirmynd orð og einfaldar setningar. - Búið til setningar við mynd. - Stafsett rétt flest algengustu orðin úr efnisflokkum sem fengist er við. - Skrifað texta um kunnulegt efni eftir fyrirmynd. - Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Menningarlæsi

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti sýnt fram á að hann þekki og skilji ýmsa þætti er snúa að daglegu lífi og því sem er líkt og ólíkt í eigin menningu.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrimæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafirnir - Algeng orð og setningar - Litir Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt og ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. - Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til enskumælandi landa, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. - Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Námshæfni

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Leitast eftir því að nemandi geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með aðstoð kennara.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Kynning á námsefni og vinnulagi - Einföld kynning á sjálfum sér - Fyrimæli, að heilsa og kveðjast, almenn kurteisisorð - Hreyfisöngvar og barnavísur - Tölustafirnir - Litir Kynning á orðaforða sem tengist jólum og hrekkjavöku - Fatnaður - Líkaminn - Fjölskyldan - Dýr og gæludýr - Matur og ávextir 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsefni af veraldarvefnum bæði ljósritað og gagnvirkt - Ýmis forrit og spil 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Unnið sjálfstætt og/eða í samvinnu við aðra. - Sýnt öðrum tillitsemi. - Nýtt sér algengustu hjálpartæki og tiltækar bjargir. - Beitt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn á orðaforða sem tengist hverju viðfangsefni - Hlustað á einfaldan texta, söngva, rím, þulur og sögur - Ferilmöppur - Myndbönd - Ýmis námsspil og gagnvirkir leikir - Söngur og þulur 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Náms.is -Play with English og Adventure Island of English Words
- Skólavefurinn Enska: Læsi og orðaforði I

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir (40 mín) á viku.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Kennsluaðferðir og skipulag í lestri verður unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendum er skipt niður í misstóra hópa sem kallast læsishópar og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Tvisvar á vetri er staðan metin í hópunum og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í íslensku í I. bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði.
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið, lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir, þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> þjálfast í gagnrýnni hugsun, er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafli, mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra.

Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Talað mál - Hlustun - Áhorf - Munnleg frásögn - Samræður og samskipta-reglur í hóp 	<ul style="list-style-type: none"> - Lestrarlandið - Hljóðbók - Sögubók - Ljóðabækur - Markviss - Málörvun 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Beytt skýrum og áheyrilegum framburði. - Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. - Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri. - Hlustað og horft með athygli á upplestur, liekið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. - Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. - Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> - Hlustun - Upplestur - Munnlegur flutningur - Samvera - Bekkjarfundir - Leikir - Tónlist og söngur - Kynning fyrir foreldra 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggji til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Lestur - Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni - Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans 	<ul style="list-style-type: none"> - Lestrarlandið 1+, 2+, 1, og 2 - Lestrarbækur af leslista Álfhólsskóla - Valdar bækur úr bókakassa - Verkefni frá kennara 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. - Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. - Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. - Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilings. - Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. - Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. - Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. - Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. - Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, klortum og myndritum. - Rímað. 	<ul style="list-style-type: none"> - Yndislestur - Upplestur - Töflulestur - Heimalestur - Víxlestur - Heimsóknir á bókasafn 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Stafaverkeni - Ítalíuskript - Sögugerð og frásagnir - Hugtakakort - Ljóð 	<ul style="list-style-type: none"> - Ljósrituð hefti - Skrift I - Sögubók - 3+1 til ritunnar 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. - Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. - Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. - Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn. - Nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. - Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. - Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höundar eða lestri lesanda. 	<ul style="list-style-type: none"> -Sögugerð -Skólaskrift 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Stór og lítill stafur - Rím - Hljóð 	<ul style="list-style-type: none"> - Lestrarlandið, vinnubók - Ljósrituð hefti og blöð - Læsis mappa inn á sameigninni 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. - Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. - Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. - Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. - Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. - Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta. - Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a.a bent á þau í eigin texta. - Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki. - Beitt einföldum málfræði og stafsetningarreglum. - Þekkt stóran og lítinn staf. - Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar. 	<ul style="list-style-type: none"> - Stafainnlögn - Námsspil og leikir - Orðaleit 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Íslenska í 1. og 2. bekk
- Handbók kennara
- skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara

Listgreinar

Listir eru einn þeirra grunnþátta sem mótar daglegt líf og er svo samofinn menningu, menntun og velferð hvarrar manneskju að oft erum við ekki meðvituð um sérstaka tilvist lista og dagleg áhrif þeirra. Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. tónmennt, dans, leiklist og sjónlistir. Listir eru því margar ólíkar greinar þó ýmsilegt tengi þær saman. Áhersla er á sköpun, tækni, fagurfræði og gildi, verkkunnáttu, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Í listfræðslu þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat og sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og umræðu, sköpun og frumkvæði, ábyrgð á eigin sköpun og þá undirstöðu sjálfbærni, framsetningu, túlkun og tjáningu, menningarlæsi og samfélagsþekkingu, þekkingu á og virðingu fyrir stílum, straumum og stefnum og þá fjölmenningu. Í tónlist og leiklist þjálfar nemendur sérstaklega samvinnu í sköpun og frumkvæði og virðingu í skoðanaskiptum sem stuðlar að aukinni samlíðan, jafnrétti og lýðræðislegum vinnubrögðum. Um leið og hver listgrein er fræðigreinin sem krefst þekkingu grunnþátta tiltekinnar fræðigreinar eru listgreinar einnig góð leið til að læra aðrar námsgreinar.

Tímafjöldi á viku: 3 x 80 mínútur, 6 – 7 vikur í senn.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Listgreinum er skipt upp í leiklist, tónlist og myndlist. Kennt er í lotum 6 - 7 vikur í senn, þrisvar sinnum tvöfalda tíma í viku. Nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hóp. Kennsluaðferðir eru m.a. bein kennsla, gagnvirk kennsla, uppgötvunarnám, sýnikennsla, leitarnám, hópvinna, og hlutverkaleikir. Lögð er áhersla á samþættingu við aðrar greinar, bóknáms- og list- og verkgreinar. Nemendur vinna með sama viðfangsefnið en nemendur fá verkefni og stuðning við hæfi.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í listgreinum í I.bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • eflir sjálfspækingu, innsæi og samlíðan, • eykur vellíðan sína, sjálfstraust, gleði og jákvæðni, • notar rétta líkams- og raddbeitingu, • fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og finna hæfileikum sínum farveg, • fær þjálfun í tjáningu, framkomu, sviðsframkomu og framsögn,
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"> • fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum, • eflir samskiptafærni sína, temur sér fordómaleysi og leggur sitt að mörkum til samvinnu, • tileinkar sér virðingu fyrir eigin hugmyndum og sköpun sem og annarra, • fer eftir reglum og sýnir ábyrgð og virðingu í samskiptum.
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"> • þjálfar gagnrýna hugsun, • sýnir öðrum virðingu óháð stöðu, stétt, trú, þjóðerni, tungumáli, lífsskoðunum o.s.frv. • geri sér grein fyrir fjölbreyttum tilgangi listarinnar í samfélaginu.
Læsi:	<ul style="list-style-type: none"> • öðlast læsi á ólíka stíla og stefnur, form og rými, • eflir læsi í tónlist, myndlist, arkitektúr, sjónlistum, leiklist, dansi, • eflir verklæsi; á áhöld og verkfæri og nýtni þeirra og möguleika, • geti tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð, • nýtir tækni; tónlistarforrit, myndlistarforrit o.s.frv., til verkefnavinnu.
Sjálfbærni:	<ul style="list-style-type: none"> • er sjálfstæður í vinnubrögðum og ber ábyrgð á eigin verkefnum, • tileinkar sér fjölbreytta vinnuhætti, • nýti sér efni og aðstæður í nánasta umhverfi, • ber virðingu fyrir umhverfi sínu og þörfum þess.
Sköpun:	<ul style="list-style-type: none"> • nýtir hæfni, leikni og þekkingu sem hefur verið numin á skapandi hátt, • vinnur frá ferli hugmyndar til afurðar, • sýnir frumkvæði og frumleika við nýsköpun, • tekst á við verkefni og sýnir hæfni sem krefst skapandi, lausnamiðaðrar hugsunar, • eflir fagurfræðilega hugsun og siðferði.

Leiklist og dans

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta. Leiklist er list augnabliksins. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Þannig skerpist samfélagsvitund þeirra og þeir virkjast til lýðræðislegrar þátttöku. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Gleði - Tónlist - Raddbeiting - Líkamstjáning - Dans - Spuni - Leikur 	<ul style="list-style-type: none"> - Ýmislegt efni og verkefni af netinu - Leiklist í kennslu - Ýmis verkefni sem saminn og/eða útfærð af kennara 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigeti eigin líkama. - Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi - Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara. - Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hóp. - Sýnt skólafélögum tillitssemi. - Sýnt samábyrgð og samhug. - Haft metnað fyrir verkefnum. - Sýnt frumkvæði og áhuga. - Lært stuttan texta og flutt hann fyrir áheyrendur. - Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi. - Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi. - Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína. - Sett sig í spor annarra í gegnum hlutverkaleik. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn - Sýnikennsla - Myndbönd - Leiklist - Leikir - Dans 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Leiklist í kennslu
- <http://www.leikumaflist.is/>
- <http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar>
- Leikjavefurinn.is
- Youtube.com
- <http://vefir.nams.is/leikritasmidjan/#>

Myndlist

Í myndlist fær nemandinn tækifæri til að tjá sköpunarkraft sinn, tileikina sér tækni og þjálfva verklega hæfni. Nemendur þjálfva tilfinningu sína fyrir litum, línum og formum. Nemendur skapa myndverk og hluti og læra ferlið frá hugmynd til lokaafurðar

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Teiknun - Málun - Formfræði - Klippimynd - Uppstilling - Myndbygging - Mótun - Áferð 	<ul style="list-style-type: none"> - Skissubók - Pappír - Teikniblyantar - Þekjultir - Vatnslitir - Neoncolorlitir - Olíupastellitir - Tússlitir - Tússpennar - Trélitir - Leir - Glerungur - Bækur - Myndbönd 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nýtt ólíkar aðferðir við blýantsteikningar. - Notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum aðferðum verkefna hverju sinni. - Þekkt andstæða liti, heita og kalda virkni ljóss og skuggi í umhverfinu. - Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. - Þekkt verk valinna listamanna. - Vitað að það eru til mismunandi myndlistartímabil. - Unnið með blandaðri tækni. - Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. - Sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni. - Þekkt frumlitina og unnið með litatóna. - Þekkt mismunandi efni til að skapa myndverk. - Þekkt hugtakið myndbygging. - Skilið muninn á nálægð og fjarlægð. - Skilið hugtökin forgrunnur og bakgrunnur. - Talið upp grunnformin og beitt þeim í myndgerð. - Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. - Þekkt hugtökin miðrými, kyrrð og hreyfing í byggingu myndverka. - Þekkt hlutföll í andliti. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlögn - Sýnikennsla - Verklegar æfingar - Einstaklings- - vinna - Umræður - Samvinna 	<p>Námsmats- aðferðir grundvallast af hæfniviðmiðu m viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Myndmennt 1 og 2
- Húsdýrin okkar,
- Kattabókin
- Alfræði í máli og myndum og fleiri dýrabækur
- Jólabókin sem Ásdís myndskreytti
- Sögu- og ævintýrabækur
- 365 hugmyndir til að teikna
- Myndböndin: Húsamúsin og Talnapúkinn

Tónlist

Tónlist er ein elsta og náttúrulegasta tjáningar- og skynjunarleið hvernar manneskju og er því einn grunnþáttur í tilvist hvernar manneskju. Tónlistin er samofin hrynjanda, sköpun, skynjun og tjáningu hvers einstaklings og umhverfis hans. Hún er samofin flestum öðrum þáttum í lífi hvers manns allt frá hjartslætti og lífsklukku hvers einstaklings og umhverfis hans, til menningarlegra hátíðarhalda og samfélagslegs notagildis, til tónlistar sem fræðigreinar og listforms hámenningar hvers samfélags. Tónlistin er tungumál tilfinninga og fagurfræðilegrar upplifunar. Tónlist er sjálfstæð fræðigrein sem krefst þekkingar, hæfni og leikni í grunnþáttum. Í því felst þekking grunnþátta tónlistar, hæfni til að nýta þá í eigin sköpun og framsetningu og leikni sem eflir tækni, þroskar fínhreyfingar, samhæfingu og samvinnu hugar, hjarta og handa. Að auki er tónlist samofin öðrum námsgreinum.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Söngur: texti, atkvæði, rythmi, tónþjálfun, samlíðan, tjáning, hátíðarhöld og samfélagslegt hlutverk. - Dans og hreyfing : Rythmi, fínhreyfingar, samhæfing, tjáning, framsetning. - Grunnþættir tónlistar: tónlína, tónlegnd, hrynur, styrkleiki, hraði, blær og stíll, tjáning. - Hlustun - Sköpun: kenning, rannsókn, lausnir, afurð/útkoma, mat. Lagasmíð: Nemendur búa til lagstúfa í hópum byggða á sögu sem þeir semja í sameiningu. - Samspil: tjáning, leikni, fínhreyfingar, samhæfing, þekking á ýmsum hljóðfærum og stílum. - Menning og samfélagslegt hlutverk: hátíðir, þemu, sýningar, leggja sitt af mörkum til samfélagsins. - Sýningar: framsetning, framsaga og framkoma. - Margmiðlun og tækni: leikjaforrit, upptökuforrit (Garageband) hljóðblöndun, framsetning. 	<ul style="list-style-type: none"> - Söngtextar og ýmis hryndæmi sem og tónlistarþrautir frá internetinu. - Verkefni búin til af kennara í lagasmíð. - Bækur, tónlistarævintýr um með tónðæmum. 	<p>Nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Greint grundvallartakttegundir, fundið og klappað í takt við mismunandi lög. - Þekkt mun á grundvallarhugtökum í hryn og takti. - Sungið og æft nokkur lög. - Samið einfalda lagstúfa/lög sett upp nótur og takttegundir. - Greint á nokkrum tónlistarstílum með hjálp tónðæma. - Kannast við nokkur þekkt tónskáld og menningarlegt samhengi verka þeirra. - Þekkt mun á styrkleika í hljóði og lýst með eigin orðum. - Túlkað tónlist með eigin orðum á einfaldan hátt(róleg, hröð, draugaleg) 	<ul style="list-style-type: none"> - Samsöngur - Farið er í gegnum söngtexta skref fyrir skref og rætt um þýðingu og innihald textans - Með söng verða æfðar klappæfingar til að samhæfa hryn og tón. - Lagasmíð: Nemendur læra að búa til tónverk í sameiningu, með einföldum takti í hópum undir leiðsögn kennara. - Nemendum eru kynntir fyrir mismunandi tónlist og hljóðfærum í gegnum spjall, kynningu og sögulestur(tónlistarævi ntýri með hljóðdæmum) 	<p>Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor.</p>

Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Nams.is
- <http://skrif.hi.is/tonmennt/>
- <http://www.therhythmtrainer.com>
- Youtube.com: Nick the Music Man
- Garageband (fyrir hljóðupptökur)
- Tonmennt.is
- Tonmennt.com
- Bækur með geisladiskum: Töfraflautan , Strengir á tímaflakki eftir Pamelu De Sensi. Björt í Sumarhúsum eftir Þórarinn Eldjárn.
- Maxímús músíkús eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarinn Már Baldursson.

Verkgreinar

Megintilgangur með námi í verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákn, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Verkbekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og áttað sig á atvinnu- og námstækifærum. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennnt og heimilisfræði.

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir (40 mín) á viku, 5-6 vikur í senn.

Námsfyrirkomulag og námsaðlögun: Kennt er í námslotum þar sem nemendur fá að jafnaði 34 kennslustundir í hverri grein. Nemendum árgangsins er skipti í blandaða hópa. Leitast er við að hafa minnst tvo af hverju kyni úr hverjum bekk í hverjum hópi. Í grunninn er viðfangsefni allra nemendanna það sama en þó getur áherslan og verkefni verið mismunandi eftir gerð hópsins og aðlagð að einstaka nemendum. Einnig eru sérstakir færni tímar fyrir nemendur úr einhverfudeild.

Námsmat og námsmatsaðlögun

Áherslur í námsmati eru frumkvæði, vinnubrögð og virkni. Símat á vinnu í tímum og verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að veita nemendum sífella endurgjöf og leiðsögn. Námsmat er í umsögnum.

Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpættir menntunar í verkgreinum í I.bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"> • beitir líkamanum rétt, • fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja, • vinnur sjálfstætt, • viðhefur góð samskipti og samvinnu, • fær tækifæri til að vinna út frá áhuga, • gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.
